



Skaftafelli 27. Júní 2019

Gunnlaugur Róbertsson, Skipulagsstjóri Sveitarfélagsins Hornafjarðar
Hafnarbraut 27
780 Höfn

Efni: Athugasemdir

Á fundi bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Hornafjarðar þann 9. maí síðastliðinn var samþykkt að fara með tillögu um aðalskipulagsbreytingu á svæði sem kallast Skaftafell III og VI. Málið er 11. dagskrárliður fundargerðar með málnúmerið 20190416.

Fyrir hönd Atlantsflugs ehf. sem rekur flugstarfsemi á deiliskipulögðum flugvelli í Skaftafelli vil ég koma á framfæri okkar athugasemdum við auglýsta aðalskipulagsbreytingu á svæði sem kallast Skaftafell III og VI.

1. Ekki hefur verið óskað eftir álitum félagsins á fyrirhugaðri breytingu á aðalskipulagi þrátt fyrir að það liggja að samþykktu deiliskipulagi flugvallar í Skaftafelli þar sem starfrækt er flugstarfsemi og flugvöllur með tveim flugbrautum.
2. Fyrirhugað svæði fyrir gistingu og þjónustu liggur undir fráflugsleiðum frá flugvellingum og er hæð flugvéla oft nokkuð lág í fráflugi þar í tilteknum skilyrðum.
3. Félagið sér fyrir sér líkt og víða annarsstaðar að kvartanir muni byrja að berast frá aðilum sem nýta sér fyrirhugaða gistingu á nefndu svæði sem og frá væntanlegum íbúum svæðisins. Þekkt eru mörg dæmi þess bæði frá örðum flugvöllum á Íslandi eins og í Mosfellsbæ og svo hér í Skaftafelli þegar kvartað er yfir flugi í námunda við þjónustumiðstöðina í Skaftafelli.
4. Svæði sem kynnt er sem uppbyggingarsvæði m.a. sem íbúðarbyggð og gisting hefur ekki á nokkurn hátt verið skoðað með tilliti til flugöryggis né umhverfisþátta (hljóðónæði og væntanlegum kvörtunum þegar frá líður) en svæðið er undir aðflugs- og brottflugsstefnu flugvéla inn á þegar deiliskipulögðu flugvallarsvæði.
5. Út frá flugöryggislegum ástæðum er ekki talið heppilegt að byggt sé undir aðflugs og fráflugsleiðum og þannig þrengt að þeirri starfsemi sem verið hefur til staðar árum saman.
6. Það að fyrirhuguð sé uppbygging íbúðarhúsnæðis og gistirýma undir flugstefnum til og frá flugvellingum með þessa nálægð er varasamt sé horft til sambærilegra mála annarsstaðar á landinu og má færa rök fyrir því að rætist þær tillögur sem fram hafa verið settar geti það til lengri tíma litið valdið skerðingu á notkunarmöguleikum núverandi starfsemi sem þegar er til staðar.
7. Félagið setur einnig fram þá spurningu af hverju þessi áform hafi ekki verið kynnt fyrir hagsmunaaðilum sem hafa hafið kostnaðarsama uppbyggingu á samþykktu deiliskipulagi flugvallarins eða fyrir þeim sem eiga land að því svæði sem kynnt er í tillögunni og hvort farið hafi verið að fullu fram samkvæmt lögbundið ferli, og bendum í þessu sambandi til álitsgerðar Landverndar vegna þessarar skipulagstillögu.




8. Félagið telur það skjóta skökku við að á sama tíma og þessi tillaga fær brautargegni hjá sveitarfélaginu liggi enn inni óafgreidd breyting á deiliskipulagi á flugvallarsvæðinu þar sem verið er að færa til lóð fyrir landeiganda sem augljóslega á að falla undir sama landfræðilega mat út frá mögulegum skriðuföllum frá Svínafellsheiði. Þetta bendi til þess að hér sé ekki verið að skoða svæðið út frá heildarsýn og heildarhagsmunum allar aðila sem þar eru og hafa byggt upp atvinnustarfsemi árum saman.

9. Félagið gerir athugasemd við atriði sem að okkar mati gerir ferlið ónýtt, það er að fram eru settir valkostir á landi óskylds aðila í heimildarleysi sem síðan er margvitnað í álitsgerðum sem valkostur 2 til að réttlæta þessa breytingu á skipulagi og staðsetningu. Það að raktir séu 3 valkostir þ.e. að gera ekki neitt, kostur 2 og kostur 3, og að kostur 2 sé ekki á höndum þess lögaðila sem leggur fram þessa tillögu, teljum við gera þetta skjal og ferlið allt ómarktækt og að ferlið þurfi að hefja að nýju og óska eftir nýjum álitum aðila.

Félagið vill fagna því að aðilar vilji byggja upp og styrkja svæðið enda er til staðar ákveðin þörf á húsnæði en þá sérstaklega íbúðarhúsnæði fyrir allan þann fjölda starfsmanna sem þar starfa á degi hverjum og búa við frekar frumstæðar aðstæður og sem margir hverjir vilja geta haft þar fulla búsetu með börn og bú sem myndi svo aftur styrkja innviði svæðisins enn frekar. Sérstaklega hefðum við fagnað því að sjá framsetta tillögu fyrir uppbyggingu 50 minni 1 til 2 herbergja íbúða fyrir starfsmenn sem vildu taka upp fasta búsetu í sveitarfélaginu en hafa ekki kost á því í dag, en vonandi sjáum við þá tíma koma.

10. Félagið gerir athugasemdir við að ekki sé leitað álits Samgögnustofu á uppbyggingu svo nálægt samþykktum flugvelli og þar sem flugleiðir til og frá flugvelli fara um svæði sem fyrirhugað er að byggja nokkuð magn gistihúsa og heimila, mögulegrar verslunar og gistaðstöðu sem fall undir skilgreiningu þjónustusvæðis.

Hér fyrir neðan er skýringamynd sem sýnir fráflugferla frá flugbrautum 33 og 35 til norðurs og sýnt með rauðum og ljósgulum lit.



Með vinsemd og virðingu,

Jón Grétar Sigurðsson

Jón Grétar Sigurðsson
Atlantsflug ehf.